

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

45. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 28.maí 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. FG óskaði eftir fundi til að ræða niðurstöður fundargerða 43. og 44. fundar samstarfsnefndar í kjölfar fundar SNS með skólastjórum í Reykjavík 28. maí 2015.

Niðurstaða:

Á fundi SNS með skólastjórnendum í Reykjavík 28. maí komu fram upplýsingar sem að mati FG hafa verið óheppilegar og varða niðurstöðu 44. fundar samstarfsnefndar um heimild skólastjóra til að ráðstafa tíma kennara sem hafa kosið að afsala sér ekki kennsluafslætti til nemendatengdra starfa.

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila feli í sér að skólastjóra sé heimilt í samráði við kennara að fela kennurum verkefni úr B þætti og C þætti vinnumats eins og þau eru tilgreind í kjarasamningi aðila. Hvað varðar 60 ára.kennara sem njóta kennsluafsláttar er skólastjórum heimilt að fela þeim að taka að sér störf í B og C verkþætti í þær 5 klukkustundir sem vantar upp á að 7 klukkustunda vinnuskyldu sé náð að frádregnum þeim 2 klukkustundum sem sem útaf standa vegna handleiðslu og ráðgjafar.

Á sama hátt getur skólastjóri í samráði við 55 – 59 ára kennara sem njóta kennsluafsláttar að fela þeim að taka að sér störf í B og C verkþætti í þær 2 klukkustundir sem vantar upp á að fullri vinnuskyldu sé náð.

Samstarfsnefnd áréttar að mikilvægt er að hafa raunverulegt samráð um þau verkefni sem kennarar taka að sér samkvæmt kjarasamningi aðila.

2. Önnur mál.

SNS óskaði eftir því að fram færi umræða um gæslumál og túlkun félagsins á þeim þætti í kjarasamningi. Í upplýsingagjöf FG sem send var félagsmönnum 29.maí má að mati SNS finna orðalag sem er óheppilegt og hvetur hugsanlega kennara til að taka ekki að sér gæslu.

Fram kom af hálfu FG að ekki sé verið að hvetja kennara til að taka ekki að sér gæslu. Kennarar geta hafnað því að taka að sér gæslu með málefnalegum rökum. Málefnaleg rök geta verið mismunandi eftir einstaklingum og skólum.

Samstarfsnefnd áréttar að mikilvægt er að hafa raunverulegt samráð um þau verkefni sem kennarar taka að sér samkvæmt kjarasamningi aðila.

Samstarfsnefnd mælir með því við stjórnendur og kennara að í umræðu innan skólanna sé í hvívetna stuðst við svör verkefnastjórnar um vinnumat. Samninganefndir beggja aðila hafa yfirlit þessi svör og um þau er ekki ágreiningur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30